

Árni Davíðsson  
Suðurbraut 1  
200 Kópavogur

Kópavogur 15. mars 2017

Nefndasvið Alþingis

**Umsögn um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja  
263. mál 146. löggjafarþings.**

Ég leggst eindregið gegn því að þessi tillaga til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja verði samþykkt á þessum tímapunkti.

Forseti Filippseyja stendur núna fyrir morðherferð gegn eigin þegnum sem að mati þeirra sem best þekkja til er glæpur gegn mannkyni eins og það er skilgreint í sáttmálum Sameinuðu þjóðanna.

Ísland væri að senda mjög skrýtin skilaboð til þessarar fjarlægu vinabjóðar ef við myndum samþykkja fríverslunarsamning við stjórnvöld á Filippseyjum meðan þau eru að fremja glæpi gegn mannkyninu. Utanríkisráðherra ætti að koma þeim skilaboðum til stjórnvalda á Filippseyjum að Íslendingar muni ekki samþykkja fríverslun meðan þetta ástand varir og jafnframt ættu utanríkisráðherra að mótmæla framferði morðsveita lögreglu og dauðasveita, sem er að undirlagi og fjármögnum samkvæmt skipunum forseta Filippseyja.

Með vinsemd og virðingu



---

Árni Davíðsson